

Ed.

## 67. Frumvarp til laga

[65. mál]

um breyting á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Ásgeir Bjarnason.

### 1. gr.

Í stað orðanna „lán að upphæð allt að  $\frac{2}{3}$  stofnkostnaðar“ í 71. gr. laganna 2. tölulið komi: lán að upphæð allt að  $\frac{3}{4}$  stofnkostnaðar.

### 2. gr.

Á eftir 2. tölulið 71. gr. laganna komi nýr töluliður þannig:

Að veita bændum og öðrum aðilum, sem einir eða fleiri saman reisa vatnsaflsstöðvar til heimilisnota og svo eru í sveit settir sem um getur í 2. tölulið, óafturkræft framlag. Lán og framlag má nema samtals allt að 90% stofnkostnaðar vatnsvirkjana og línulagna heim að bæjarvegg. Framlag skal veitt af eigin fé sjóðsins eða fjárveitingum, er hann hlýtur í því skyni.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Ríkisvaldinu ber að stuðla að því með öllum tiltækum ráðum, að allir landsmenn, hvar sem þeir búa, geti sem fyrst átt kost á nægilegri raforku.

Mikill meiri hluti þjóðarinnar fær raforku frá samveitum. Rafmagnsveitur ríkis eða sveitarfélaga leggja rafmagnslínurnar, en notendur greiða heimtaugargjöld, sem nema aðeins litlum hluta stofnkostnaðar. Þeir, sem eru svo í sveit settir að eiga þess ekki kost að fá raforku frá samveitu, verða að afla hennar með því að reisa litlar rafstöðvar.

Samkvæmt orkulögum er heimilt að veita þeim, er koma upp mótorafstöðvum á heimilum sínum, lán úr Orkusjóði, að upphæð allt að 80% stofnkostnaðar rafstöðvarinnar. En lán til þess að koma upp vatnsaflsstöð til heimilisnota er samkvæmt lögum takmarkað við 67% stofnkostnaðar rafstöðvar og línu heim að bæjarvegg. Vatnsaflsstöðvar eru þó fullkomnari og endast lengur en mótorafstöðvar, ef virkjunarskilyrði eru sæmileg. Og víða þarf að leggja allanga línu frá vatnsfalli, sem virkjað er, heim að bæjarvegg, en mótorafstöð er yfirleitt hægt að reisa heima við bæ.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að leiðrétta þetta misræmi þannig, að lán út á vatnsaflsstöð megi nema allt að 75% stofnkostnaðar. Enn fremur, að heimilt verði að veita úr Orkusjóði óafturkræft framlag til þeirra vatnsaflsstöðva til heimilisnota, sem reistar eru utan þess svæðis, er héraðsrafmagnsveitum er ætlað að ná til í náinni framtíð, og að lán og framlag megi nema samtals allt að 90% af stofnkostnaði rafstöðvar og línu heim að bæjarvegg.